



14. nóvember 2009

SÍ-56832

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 96/2009, um heimild til handa fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, til að ábyrgjast lán Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu.


Fjárlaganeftnd Alþingis óskaði eftir því að Seðlabanki Íslands ynni nýtt minnisblað til fjárlaganeftndar, sbr. minnisblað dags. 15. júlí sl., í ljósi atriða er koma fram í þingskjali 76, 76. mál. Í meðfylgjandi minnisblaði, sem unnið er af sérfræðingum á hagfræðisviði og alþjóða- og markaðssviði Seðlabankans, er fjallað um efnahagslega þætti málsins með hliðsjón af fyrrnefndu þingskjali.

Hvað áhrærir hina lagalegu þætti málsins hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar frá fyrri álitsgerð, að því undanskildu að ákvæði um afsal á friðhelgi ríkisins og eigna þess hafa verið færð mjög til bóta og eru í samræmi við láanasamninga sem íslenska ríkið hefur gert.

Heimild til endurskoðunar samninganna, sbr. 2. og 3. mgr 4. gr. hefur væntanlega nokkurt pólitískt gildi. Hún hefur hins vegar ekki bein áhrif á réttarstöðu viðsemjenda Íslands eða skuldbindur þá lagalega til endurskoðunar á grundvelli forsendna sem tilgreindar eru í 2 mgr. Sameiginleg yfirlýsing fjármálaráðherra Íslands, Bretlands og Hollands þess efnis að „þeir muni ræða að beiðni einhvers aðilanna um álitaefni sem upp kunna að koma og bregðast við þeim eftir atvikum”, felur hins vegar væntanlega í sér ákveðna pólitískra skuldbindingu um viðræður skapist ofangreindar forsendur.

Seðlabankinn gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
Seðlabanki Íslands

  
Már Guðmundsson, seðlabankastjóri

*Fylgiskjöl:* Minnisblað um Icesave-skuldbindingar og erlenda skuldastöðu

*Samrit:* forsætisráðherra, fjármálaráðherra, efnahags- og viðskiptaráðherra.

S E Ð L A B A N K I Í S L A N D S

K A L K O F N S V E G I 1 · 1 5 0 R E Y K J A V Í K

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605